

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir flugleiðsögu, vopnaleit og afnot flugvalla, nr. 536/2000.

1. gr.

Úr titli gjaldskrár fellur orðið „flugleiðsögu“.

2. gr.

Í 3. málslíð liðar 2.1. skal fjárhæð gjalds fyrir hverja landingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur vera samsvarandi 8,15 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa þess.

3. gr.

4. liður skal vera svohljóðandi:

**4. Aðgangsheimildir að flugvelli með aðgangsstjórnunarkerfi.**

Gjald fyrir aðgangsheimild að flugvelli (ein hlið korts) kr. 1.500.

Gjald fyrir aðgangsheimild að flugvelli (báðar hliðar korts) kr. 2.000.

Leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar kr. 1.000.

Gjald fyrir auðkennanlega fjarstýringu aksturshliða (fjarstýring) kr. 4.900.

Gjald yfir almenna fjarstýringu kr. 3.500.

4. gr.

Í 5. lið falla brott orðin „og leiðarflugsgjöldum“.

5. gr.

Í 3. málslíð liðar 6.1. skal fjárhæð vopnaleitargjalds vera 620 kr. Í 4. málslíð liðar 6.1. skal upphæð vopnaleitargjalds vera 285 kr.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 71. gr., 71. gr. a, 71. gr. b og 3. mgr. 139. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, sbr. síðari breytingar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 2. júlí 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 28. júní 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Jóhann Guðmundsson.*